

Nr. 113 / 10 Hvanney SF 51***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2403
Smíðaður: Kína 2001, stál
Stærð: 246,2 brl. 357,4 bt.
Mesta lengd: 28,91 m Skráð lengd: 26,6 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,65 m
Vél: Caterpillar 738 kW, 2001
Fjöldi skipverja: 9



Hvanney ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. júní 2010 var Hvanney SF 51 að leggjast að bryggju á Hornafirði. Veður: Hægviðri

Við komuna stökk einn skipverja niður á bryggjuna, til að taka við landfestum, en við það skrakaði honum fótur með þeim afleiðingum að hann hælbrotnaði á hægri fæti.

Við rannsókn kom fram:

- að aðstæður voru góðar og skipverjinn kvaðst hafa verið í góðum skóm. Hann gat ekki gert sér grein fyrir stökkhæðinni en hún hafði ekki verið óvanaleg.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.